



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 7. júní var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10.30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir ýmis atriði tengt starfi sínu, yfirstandandi framkvæmdir og önnur verkefni sem verið er að vinna að. Skýrslan var flutt munnlega.

2. Jafnréttisáætlun Skagastrandar 2019-2022

Fyrir fundinum lágu drög að „Jafnréttisáætlun Skagastrandar 2019-2022“ til samþykktar. Megin tilgangur áætlunarinnar er að samræma áherslur í ákvarðanatöku og almennri markmiðasetningu sveitarfélagsins við kröfur laga er varða jafnréttismál. Sveitarstjórn ræddi mikilvægi þess að vel væri haldið utan um þennan málaflokk í sveitarfélaginu og samþykkti síðan áætlunina með öllum greiddum atkvæðum. Sveitarstjóra var falið að birta áætlunina og senda til Jafnréttisstofu.

3. Aðgerðaráætlun í umhverfismálum Skagastrandar 2019

Fyrir fundinum lágu drög að aðgerðaráætlun í umhverfismálum Skagastrandar. Með áætluninni er lagt til að fari verði í öflugt sameiginlegt hreinsunaráttak sem hvatning til almennrar tiltektar og umhverfisþrifa. Er verkefnið einnig liður í sóknaráætlun landshluta og stuðlar að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins. Unnið verður með dagskrá fram á haustið og verkferlar endurteknir ef þörf þykir á. Sveitarstjórn ræddi drögin og gerði smávægilegar breytingar en samþykkti síðan með öllum greiddum atkvæðum. Þá fól sveitarstjórn sveitarstjóra að ýta verkefninu úr vör og birta áætlunina sem og að vinna að frekari úrbótum í umhverfismálum til framtíðar.

4. Sala á Suðurvegi 14

Fyrir fundinum lá samþykkt kauptilboð að íbúð í eigu sveitarfélagsins að Suðurvegi 14. Sveitarstjórn samþykkti sölu eignarinnar og fól sveitarstjóra að undirrita kaupsamning.



5. Bréf

a) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 8.05.2019

Með bréfinu er tilkynnt að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi Skagastrandar.

Bréfið var til kynningar.

b) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 14.05.2019

Með bréfinu er óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni varamann í Almannaþingarnefnd Húnavatnssýslna. Þá er óskað eftir því að tekin verði afstaða til upphæðar gjalds til Almannaþingarnefndar sem lagt er til að verði kr 250-. á hvern íbúa fyrir 2019 og 2020. Sveitarstjórn tók ákvörðun um að tilnefna Halldór G. Ólafsson sem varamann í nefndina. Þá var tillaga um gjald einnig samþykkt af sveitarstjórn.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17.05.2019

Með bréfinu er boðað til stofnfundar samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og loftslagsmál. Stofnfundurinn verður haldinn þann 19. júní nk. Óskað er eftir því að sveitarfélagið tilnefni tengiliði vegna samstarfsvettvangsins óski það eftir því að gerast aðilar að samstarfsvettvanginum. Sveitarstjórn tilnefndi sveitarstjóra og Guðmund Egil Erlendsson og fól sveitarstjóra að ganga frá tilnefningum og skráningu á stofnfundinn.

d) Ferðamálafélags A- Hún, dags. 20.05.2019

Með bréfinu kynnir Ferðamálafélag A-Hún að matarhátíðin „Réttir – food festival“ fari fram dagana 16.-25. ágúst. En hátíðin er haldin í samstarfi við Ferðamálafélag Húnaþings vestra og Félag ferðaþjónustu í Skagafirði. Óskað er eftir því að sveitarfélagið sinni gestgjafahlutverki og bjóði upp á viðburð sem tengist á einhvern hátt mat sem er framleiddur eða framreiddur á svæðinu. Sveitarstjórn ræddi erindið og tók jákvætt í verkefnið. Þá var sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga í tengslum við þátttökuna.

e) Skipulagsstofnunar, dags. 22.05.2019

Með bréfinu bendir Skipulagsstofnun á að við endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar þurfi að taka tillit til eftirfarandi þátta:



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- a) Landskipulagsstefnu og skipulagsstefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.
- b) Að hófs sé gætt við gerð aðalskipulags bæði er kemur að endurskoðun og umhverfismati.
- c) 32. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd í tengslum við ákvarðanir um vegi í náttúru Íslands sem falla ekki undir þjóðvegakerfið.

Bréfið var til kynningar.

f) Alexöndru Rósar Jónsdóttur, dags. 22.05.2019

Með bréfinu er sett fram aðgerðaráætlun í tengslum við moltugerð og óskað eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu til þess hvort að Alexöndru Rós sé heimilt að gera moltu og finna henni staðsetningu. Sveitarstjórn þakkar Alexöndru Rós fyrir erindið og fól sveitarstjóra að aðstoða hana við útfærslu á verkefninu.

g) Markaðsstofu Norðurlands vestra, dags. 27.05.2019

Með bréfinu er fjórða skýrsla um Norðurstrandarleiðina kynnt en þar er farið yfir stöðu verkefnisins og ýmis atriði í tengslum við formlega opnun Norðurstrandarleiðarinnar þann 8. júní nk.

Bréfið var til kynningar.

h) Helena Mara Velemir, dags. 28.05.2019

Með bréfinu óskar Helena Mara Velemir eftir kr. 150.000-. styrk frá sveitarfélaginu í tengslum við ljósmyndasýningu sem haldin var um sjómannadagshelgina dagana 31. maí-2. júní sl. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og þótti verkefnið bæði metnaðarfullt og vel vandað til verka. Samþykkt var að veita Helenu Möru umbeðna styrkupp hæð.

i) UNICEF, dags. 20.05.2019

Með bréfinu hvetur UNICEF sveitarfélagið til þess að setja sér heildstætt og samræmt verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum. Sveitarstjórn þakkar UNICEF fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga verkefni en beinir erindinu til Félags- og skólajónustu Austur Húnavatnssýslu.

j) Valtýr Sigurðssonar, dags. 27.05.2019



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Með bréfinu lýsir Valtýr Sigurðsson yfir áhyggjum af fjörunni norðan við Spákonufellshöfða sem hann telur illa farnar vegna grjóthleðslu en hann óskar eftir því að áframhaldandi framkvæmdir í fjörunni verði endurskoðaðar með tilliti til náttúruverndar og útivistar. Ekki eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir á svæðinu að svo stöddu en sveitarstjórn þakkar erindið og mun hafa það til hliðsjónar komi til framkvæmda síðar.

k) Umhverfisstofnunar, dags. 28.05.2019

Með bréfinu gerir Umhverfisstofnun athugasemdir við lýsingu á aðalskipulagi. Sveitarstjóra var falið að vinna úr framlögðum athugasemdum og í kjölfarið að úrbótum á matslýsingunni í samráði við ráðgjafa sveitarfélagsins hjá Landmótun.

6. Fundargerðir

a) Siglingaráðs, dags. 7. mars 2019

Í fundargerð kemur fram að Landsamband Smábátæigenda hafi lagt fram tillögu þess efnis að fjarvöktunarkerfi VSS verði opnað að hluta svo staðsetning skipa sé aðgengileg útgerðum og aðstandendum skipverja. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á MarineTraffic en stór svæði eiga það til að detta út af síðunni sem gerir upplýsingarnar óáreiðanlegar. Til þess að upplýsingar um staðsetningu skipa verði aðgengilegar almenningi á sérstöku vefsvæði VSS þarf að gera breytingu á 24. gr. reglugerðar um vakstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa og tekur sveitarstjórn undir að þeirri breytingartillögu verði vísað til ráðuneytisins.

b) Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara, dags. 17. apríl 2019

Fundargerð var til kynningar

c) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 6. maí 2019

Fundargerð var til kynningar.

d) Nes Listamiðstöð

i. Aðalfundur, dags. 8. maí 2019

ii. Stjórnarfundur, dags. 20. maí 2019

Fundargerðir voru til kynningar.

e) Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga, dags. 10. maí 2019

Fundargerð var til kynningar.

f) Hafnarsambands Íslands, dags. 15. maí 2019



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fundargerð var til kynningar.

- g) Stjórnar SSNV, dags. 15. maí 2019

Fundargerð var til kynningar.

- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. maí 2019

Fundargerð var til kynningar.


- i) Farskólans, dags. 29. maí 2019

Fundargerð var til kynningar.

7. Önnur mál


- a. Umræður urðu um refa- og minka veiðar og stöðu þeirra mála í sveitarfélaginu.
- b. Með vísan til 8. gr. Samþykktar sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014 sem segir að heimilt sé að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi, verður fundur felldur niður í júlí og næsti fundur sveitarstjórnar því í ágúst nk.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:40


Halldór G. Ólafsson


Róbert Kristjánsson


Kristín B. Leifsdóttir


Péturína L. Jakobsdóttir


Guðmundur Egill Erlendsson


Alexandra Jóhannesdóttir